

Til : oli@log.is
Heiti : Tölvupóstur EIB til Ólafs Björnssonar 29. júní 2018
Málsnúmer. : 1609021
Málsaðili : Dalabyggð
Skráð dags : 29.6.2018 09:16:11
Höfundur : Eyjólfur Ingvi Bjarnason

Sæll Ólafur,

Takk fyrir símtalið í gær. Sendi hér með þau skjöl sem ég hef fundið og tengjast málinu varðandi sölu eigna Dalabyggðar á Laugum og Sælingsdalstungu.

Dalabyggð hefur á fyrri stigum leitað til Magnúsar Pálma Skúlasonar hjá Lögskiptum en hann er staddur í Rússlandi og ég veit ekki nákvæmlega hvenær hann kemur til baka.

Á fundi sveitarstjórnar 17. apríl sl. var viðræðum slitið með þessari bókun hér:

Dalabyggð hefur ítrekað framlengt fresti tilboðsgjafa til að falla frá fyrirvörum um fjármögnun og rann fresturinn loks út 5. apríl sl. Sveitarstjórn setti það sem skilyrði fyrir að fresta greiðslum að skuldabréf vegna þessa væri tryggt með fyrsta eða öðrum veðrétti. Sveitarstjórn hafnar því að skuldabréf vegna greiðslna tilboðsgjafa verði neðar en á öðrum veðrétti og slútur viðræðum við tilboðsgjafa.

Í bréfi frá Þórhalli f.h. Arnarlóns 20. apríl (skjal 040) er bókun sveitarstjórnar mótmælt og sú skoðun viðruð að um ólögmeta riftun á kaupum sé að ræða miðað við samþykkt kautilboð 21 desember 2017 (skjal 015).

Síðan kemur erindi frá þeim eða tillaga að lausn (skjal 041) 13. Maí og aftur 18. Maí.

Það erindi er tekið fyrir á fundi sveitarstjórnar 24. Maí sl. og þá er eftirfarandi bókað:

Sveitarstjórn telur að tillaga Arnarlóns ehf. frá 13. maí sl. með viðbótum frá 18. maí sé ágætlega til þess fallin að ljúka sölunni og þar með renna stoðum undir uppbyggingu íþróttamannvirkja við Auðarskóla eins og stefnt hefur verið að.

Í ljósi umræðu í samfélaginu og á samfélagsmiðlum og nýfenginna undirskrifa er hins vegar lagt til að málinu verði vísað til afgreiðslu nýrrar sveitarstjórnar sem tekur við stjórn sveitarfélagsins þann 10. júní næstkomandi.

Ný sveitarstjórn frestaði afgreiðslu málsins 14. Júní sl. til að kynna sér málin betur en hafði verið boðuð í gerð kaupsamning hjá fasteignasala (skjal 047) þann 5 júní þar sem fráfarandi sveitarstjórn tók vel í tillöguna.

Ég hefði áhuga á því að fá örstutt álit hjá þér á stöðu sveitarfélagsins í þessu máli.

Sjálfur tel ég að sveitarfélagið geti ekki gert landskipti á Sælingsdalstungu og veit einum aðila forkaupsrétt nema auglýsa eignina fyrst ? er slíkt rangt mat hjá mér?

Sjálfur skrifaði ég opið bréf til fráfarandi sveitarstjórnar 21 maí sl (skjal 042) og eitt af því sem ég tel sveitarfélagið hafi ekki gert rétt í ferlinu til þessa er að veita leigjanda í Sælingsdalstungu forkaupsrétt en hann hefur leigt jörðina frá árinu 2009. Ég byggi það á því að í leigusamning (skjal 045) er ekki kveðið á um eftir hvaða lögum eigi að fara komi upp ágreiningur og þá hljóta jarða- og ábúðarlög að gilda þar sem Sælingsdalstungar er bújörð og lögbýli. Er það rangt mat hjá mér?

Með kveðju,

Eyjólfur Ingvi Bjarnason
 Oddviti Sveitarstjórnar Dalabyggðar
 GSM / Mobile: +354 8620384
 Netfang / email: oddviti@dalir.is
www.dalir.is



Fyrirvari:

Þessi tölvupóstur getur innihaldið trúnaðarupplýsingar og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Öll önnur notkun er óheimil og vísast til 47. og 74. gr. Laga nr 81/2003.

Disclaimer:

This e-mail may contain confidential information only intended for the addressee.
Please notify the sender if you have received this e-mail by mistake